

283. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ fimmtudaginn 27. ágúst 2020, kl. 16.00.

Mætt: Haraldur Helgason, formaður, fulltrúi Suðurnesjabæjar, Ingvi Hákonarson, fulltrúi Reykjanesbæjar, Inga Rut Hlökkversdóttir, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga, Birgitta Káradóttir, fulltrúi Grindavíkur, Hanna Björg Konráðsdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar og Bergþóra Sigurjónsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda, auk starfsmanna Heilbrigðisefirlits Suðurnesja: Magnús H. Guðjónsson, framkvæmdastjóri, Ásmundur E. Þorkelsson, Sonja Hrund Steinarsdóttir, Helgi Haraldsson og J. Trausti Jónsson.

Dagskrá:

1. Starfsleyfi
2. Undanþágubeiðnir
3. Umhverfismál
4. Önnur mál

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Starfsleyfi

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Flughótel Keflavík – H 57 ehf., kt. 570303-2870, Hafnargötu 57, 230 Reykjanesbæ til að reka hótél með veitingasölu.
- Punjab food ehf., kt. 470519-4280, Hafnargötu 30, 230 Reykjanesbæ til að reka veitingahús.
- Fiskbúð Reykjanes ehf., kt. 510320-0500, Brekkustíg 40, 230 Reykjanesbæ til að reka fiskbúð og veitingahús.
- Hotel arctic wind, 550514-1092, Iöndal 2, 190 Vogum til að reka veitingastað.
- Antons mamma mía, 570420-1350, Hafnargata 18, 230 Reykjanesbæ til að reka veitingastað.
- Stapaskóli, 430619-1790, Dalsbaut 11-13, 260 Reykjanesbæ til að reka grunnskóla með leikskóladeild.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Víkurbros ehf., 460720-1760, Tjarnargata 2, 230 Reykjanesbæ til að reka tannlæknaþjónustu.
- Ziva ehf., 670819-1400, Hafnargata 32, 230 Reykjanesbæ til reka hársnyrti- og snyrtistofu.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Litla Brugg húsið ehf., kt. 680520-0380, Iöngarði 9, 250 Suðurnesjabæ til að reka bjórgerð á smáum skala (allt að 1000 lítrar á mánuði).
- Svanur ehf., kt. 610384-0569, Maragötu 2, 190 Vogum til að annast innflutning og dreifingu á fæðubótarefnum.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfisráðuneytinu. Gildistími starfsleyfis er 12 ár, nema annað sé tekið fram.

- Partout slf., kt. 590218-0300, Klettatröð 3, 262 Reykjanesbæ til reksturs bílapartasölu.

Tímabundin starfsleyfi.

- ÍAV hf., kt. 660169-2379, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík til niðurrifs á asbesti í Fjarskiptastöð NRTF Grindavík, byggingu no: 2621
- Björninn verktaki ehf., kt. 550618-1680, Kirkjulundi 8, 225 Garðabæ til niðurrifs á asbesti á Hafnargötu 82 í Reykjanesbæ.
- Sveitarfélagið Vogar, kt. 670269-2649, Iöndalur 2, 190 Vogar til að halda flugeldasýningu 15. ágúst 2020 á bílaplani við Vogahöfn.
- Reykjanesbær, kt. 470794-2169, Tjarnagata 12, 230 Reykjanesbæ til að halda flugeldasýningu 5. september 2020 á Berginu í Grófinni.

2. Undanþágubeiðnir

Nefndin hefur fengið eftirtaldir umsóknir um að heimild til að víkja frá ákvæðum 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr 798/1999 um fráveitur og skólp:

- Stofnfiskur hf, Seljavog í Höfnum, Reykjanesbæ.
- Stofnfiskur hf, Kirkjuvog í Höfnum, Reykjanesbæ.

Fyrir liggur að vegna landfræðilegra aðstæðna er ekki hægt að uppfylla ofangreint ákvæði og umsækjandi hefur lagt til aðra lausn sem nefndin metur fullnægjandi. Þá liggur fyrir jákvæð umsögn Umhverfisstofnunar. Nefndin samþykkir málaletan Stofnfisks hf.

3. Umhverfismál.

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja felur Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja að sjá um framkvæmd lóðahreinsana við fyrsta hentugleika og á kostnað eiganda, samkvæmt lögum nr. 7/1998, á eftirtöldum lóðum:

Grindavík
Víkurbraut 22

Reykjanesbær
Prætuland / fjárhúsin Grófinni og fl. Landnr.:128478
Faxagrund 20, Mánagrund
Kliftröð 19
Njarðvíkurbraut 11

Suðurnesjabær
Vallargata 19

4. Önnur mál.

Fjallað var um bréf Halldórs I. Dagssonar, dags. 14.7.2020. Heilbrigðisnefnd lítur svo á að málinu sé lokið sbr. bréf til Fjölnis Vilhjálmssonar lögmanns dags. 30. apríl 2020

Fjallað var um bréf Elísabetar Jensdóttur, Uppsálavegi 8, Sandgerði sem lagt var fram á síðasta fundi. Heilbrigðisnefnd Suðurnesja vísar á bug þeim ávirðingum sem fram koma í bréfinu. Hvað varðar forsendur stjórnvaldsákvörðunarinnar vísast til þess rökstuðnings sem fram kemur í málgögnum, úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og álitum Umboðsmanns Alþingis.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið klukkan 18:00.